



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Samantekt á þróun fjárveitinga á árunum 2008-2023

Júní 2023



Heilbrigðisstofnun Suðunesja
511297-2819
Markús Ingólfur Eiríksson
230 Reykjanesbæ

Kópavogur, 1. júní 2023

Þróun fjárveitinga til Heilbrigðisstofnunar Suðunesja

Að beiðni Heilbrigðisstofnunar Suðunesja („verkkaupi“, „HSS“) hefur Deloitte unnið samantekt á þróun fjárveitinga til stofnunarinnar í samhengi við þróun íbúafjölda á svæðinu. Samantektin byggir á opinberum gögnum um fjárlög og þróun íbúafjölda.

Rekstraráætlun HSS fyrir árið 2023 byggir á forsendum stjórnenda stofnunarinnar. Deloitte hefur hvorki sannreynt né lagt mat á áreiðanleika þeirra áætlana sem settar eru fram.


Öll ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllst,
Deloitte Fjármálaráðgjöf


Deloitte ehf.
Smáratorg 3
201 Kópavogur
Ísland
www.deloitte.is

Áætlað er að heildar fjárveiting á hvern íbúa á Suðurnesjum muni árið 2023 hafa lækkað um 27% frá árinu 2008 þrátt fyrir að fjárveitingar til stofnunarinnar hafi aukist á tímabilinu


Fjárveitingar (m.kr.) til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja*




Íbúafjöldi á Suðurnesjum



Fjárveitingar til HSS (kr) pr. íbúa á Suðurnesjum*



Fjárveitingar (kr) vegna sjúkrasviðs pr. íbúa á Suðurnesjum*



- Íbúum Suðurnesja hefur fjölgað um tæp 50% á árunum 2008-2023 en til samanburðar hefur íbúafjöldi á landinu öllu aukist um 22,9% á sama tíma.
- Samkvæmt mannfjöldatölum Hagstofunnar fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 6,7% á milli ára 2022 og 2023. Að því gefnu og byggt á fjárlögum ársins 2023 hefur heildar fjárveiting á hvern íbúa lækkað um tæp 27% á tímabilinu 2008-2023.
- Stofnunin sinnir heilbrigðisþjónustu sem flokkast á þrjú svið, heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarrými. Fjárveiting til sjúkrasviðs á hvern íbúa hefur, miðað við gefnar forsendur um þróun íbúafjölda, lækkað um 50% á tímabilinu 2008-2023.
- Laun eru lang stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar eða að meðaltali 88% af fjárveitingum frá árinu 2017. Á tímabilinu 2008-2022 hefur launavísitala opinberra ríkisstarfsmanna hækkað um 145,4%.


Nánar er fjallað um undirliggjandi gögn og forsendur greininga á bls. 6-9

*Fjárveitingar færðar á verðlag ársins 2022, sjá nánar á bls. 7-9

Heimildir: Fylgirit fjárlaga, Hagstofa Íslands


Heildarfjárveitingar árið 2023 til HSS eru um 14,2% lægri en sú fjárþörf sem áætlun stofnunarinnar gerir ráð fyrir. Áætluð fjárþörf umfram fjárveitingu er sérstaklega áberandi hjá sjúkrasviði eða sem nemur 32,7%

Samanburður á fjárlögum og fjárþörf skv. áætlun HSS 2023(m.kr.)*



- Rekstraráætlun HSS fyrir árið 2023 byggir á forsendum stjórnenda stofnunarinnar. Deloitte hefur hvorki sannreynt né lagt mat á áreiðanleika þeirra áætlana sem settar eru fram.
- Fjárveitingar skv. fjárlögum 2023 til sjúkrasviðs HSS er 32,7% lægri en áætluð fjárþörf sjúkrasviðs skv. áætlun stjórnenda.
- Þar að auki eru heildarfjárveitingar skv. fjárlögum 2023 til HSS um 14,2% lægri en því sem áætlun HSS nemur.
- Fjárveitingar til HSS árið 2023 á hvern íbúa er 18 þús.kr. lægri en áætlun HSS gerir ráð fyrir og eru lægri en áætlun HSS á öllum sviðum að undanskildu heilsugæslusviði.

Samanburður á fjárlagafumvarpi og fjárþörf skv. áætlun HSS á hvern íbúa (þús.kr.)



■ Fjárlög 2023
■ Fjárþörf skv. áætlun HSS 2023

Söguleg samantekt


Gögn, forsendur og greiningar

Á árunum 2008-2023 hefur íbúum á Suðurnesjum fjölgað hlutfallslega meira samanborið við íbúaaukningu á landinu öllu


Þróun íbúafjölda á Suðurnesjum

- Íbúafjöldi á Suðurnesjum hefur aukist hlutfallslega meira en á landinu öllu.
- Ef horft er aftur til ársins 2008 fjölgaði íbúum Suðurnesja um tæp 50% á árunum 2008-2023 en til samanburðar jókst íbúafjöldi á landinu öllu um 23% á sama tímabili.

Íbúafjöldi á Íslandi



Íbúafjöldi á Suðurnesjum




Fjárveiting á hvern íbúa á Suðurnesjum hefur lækkað á árunum 2008-2023 þó svo að fjárveitingar hafi aukist á tímabilinu


Þróun fjárveitinga frá árinu 2008

- Við samantekt á fjárveitingum á hvern íbúa var notast við fjárlög (2008-2023).
- Fjárveitingar vegna heilsugæslusviðs, sjúkrasviðs og hjúkrunarrýmis voru teknar saman að undanskildum fjárukalögum sem og fjárfestingum í búnaði.
- Fjárveitingar voru færðar á verðlagi 2022 miðað við annars vegar launavísitölu opinberra ríkisstarfsmanna og hins vegar vísitölu neysluverðs þar sem tekið var tillit til hlutfalls launa af heildar útgjöldum HSS. Nánar um þróun viðkomandi vísitalna á bls.9.
- Við útreikning á fjárveitingu á hvern íbúa er reiknað miðað við 6,7% fólksfjölgun á Suðurnesjum milli ára 2022 og 2023 í samræmi við upplýsingar frá Hagstofunni.
- Heildar fjárveiting á hvern íbúa hefur, miðað við gefnar forsendur, lækkað um tæp 27% á tímabilinu 2008-2023 þó svo að heildarfjárveiting hafi aukist yfir sama tímabili.

Fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (m.kr. á verðlagi 2022)



Fjárveitingar á hvern íbúa á Suðurnesjum (kr. á verðlagi 2022)



Fjárveitingar vegna sjúkrasviðs hafa lækkað talsvert á tímabilinu 2008-2023 hvort sem horft er á heildar fjárveitingar eða fjárveitingar á hvern íbúa


Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja skilgreinir hlutverk sitt það að veita íbúum Suðurnesja fyrsta- og annars stigs heilbrigðisþjónustu í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.
- Stofnunin sinnir heilbrigðisþjónustu sem flokkast á þrjú svið, heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarrými. Fjárveitingar til stofnunarinnar flokkast eftir þessum sviðum.


Þróun fjárveitinga sjúkrasviðs

- Fjárveitingar vegna sjúkrasviðs voru teknar saman að undanskildum fjárukalögum sem og fjárfestingum í búnaði. Við útreikning var notast við fjárlög (2008-2023).
- Fjárveitingar voru færðar á verðlagi um áramót 2022 og 2023 miðað við annars vegar launavísitölu opinberra ríkisstarfsmanna og hins vegar vísitölu neysluverðs þar sem tekið var tillit til hlutfalls launa af heildar útgjöldum HSS. Nánar um þróun viðkomandi vísitalna á bls. 9.
- Við útreikning á fjárveitingu á hvern íbúa eru íbúafjöldatölur sóttar af Hagstofunni. Á Suðurnesjum fjölgaði íbúum um 6,7% á milli árána 2022 og 2023.
- Fjárveiting til sjúkrasviðs á hvern íbúa hefur miðað við gefnar forsendur lækkað um rúm 50% á tímabilinu 2008-2023.

Fjárveitingar sjúkrasviðs (m.kr. á verðlagi 2022)



Fjárveitingar á hvern íbúa vegna sjúkrasviðs (kr á verðlagi 2022)



Laun eru lang stærsti útgjaldaliður Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Launavísitala opinberra ríkisstarfsmanna hefur hækkað yfir tvöfalt meira en vísitala neysluverðs á tímabilinu 2008-2022


Launa og verðlagsþróun

- Launavísitala opinberra ríkisstarfsmanna hefur hækkað um 145% á tímabilinu 2008-2022 og vísitala neysluverðs um 70%.
- Laun eru lang stærsti útgjaldaliður Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja en frá árinu 2017 voru laun að meðaltali 88% af fjárveitingum til stofnunarinnar. Árið 2021 er frábrugðið en þá voru laun aðeins 64% af heildar fjárveitingu, sú breyting er þó sambærileg á öðrum svæðum landsins og skýrist af auka fjárframlögum vegna COVID-19.
- Við útreikning á verðlagi 2022 var notast við raunhlutfall launa af fjárveitingu fyrir tímabilið 2017-2021 en meðaltal fyrir árin á undan (2008-2016).
- Launavísitala og Vísitala neysluverðs voru reiknaðar með 2008 sem grunnár.



88%
af heildarfjárveitingum
eru laun

Þróun launavísitölu opinberra starfsmanna og vísitölu neysluverðs



Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspeglar álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálaráðgjöf Deloitte, eigendur né starfsmenn sviðsins séu dregnir til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining.

Vinsamlega skoðið www.deloitte.com/about varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.